

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Brúarhvammur, lóð 1 og lóð 2.*

Breytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðisins til norðausturs og nær nú til tveggja lóða, annars vegar Brúarhvamms, lóðar 1 sem er sumarbústaðalóð og hins vegar Brúarhvamms, lóðar 2 sem er viðskipta- og þjónustulóð. Heimilað er að byggja allt að 500 m<sup>2</sup> gistiheimili á tveimur hæðum á byggingarreit merktum B-2 á lóð 2.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 24. mars 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2017